



SKÝRSLA STJÓRNAR 2024

Landssambands hestamannafélaga

Landsþing 2024

Efnisyfirlit

Stjórn LH.....	3
Starfsmenn.....	3
Nefndir LH.....	4
Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands.....	4
Alþjóðasamstarf.....	5
Afreksmál.....	7
Menntaráðstefnan.....	8
Youth Cup 2024.....	9
Félagi ársins.....	9
Reiðkennari ársins 2023.....	9
Reiðvegarmál.....	10
Skógarhólar.....	10
Mótahald og keppnismál.....	10
Landsmót hestamanna ehf.	11
Landsmót 2024.....	12
Íslandsmót og Áhugamannamót Íslands.....	12
Sportfengur og Sportabler.....	13
Útbreiðslu- og kynningarmál.....	13
Styrkir sem standa hestamannafélögum til boða.....	14
Öryggismál.....	14
Agamál.....	15
Uppskeruhátíð hestamanna.....	15
Lokaorð formanns.....	15



Stjórn LH

Aðalstjórn LH 2022-2024

Formaður: Guðni Halldórsson

Varaformaður: Þórhildur Katrín Stefánsdóttir

Gjaldkeri: Ólafur Gunnarsson

Ritari: Hákon Hákonarson

Meðstjórnendur:

Edda Rún Ragnarsdóttir

Sóley Margeirsdóttir

Unnur Rún Sigurpálsdóttir

Varastjórn LH 2020-2022

Birna Tryggvadóttir

Gróa Björg Baldvinsdóttir

Randi Holaker

Sveinn Heiðar Jóhannesson

Valdimar Magnús Ólafsson

Frá síðasta landsþingi hafa verið haldnir 30 stjórnarfundir. Valdimar Ólafsson sagði sig úr varastjórn í ágúst 2024.

Starfsmenn

Starfsmenn LH eru þrír í samtals 2,4 stöðugildum

Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri í 100% starfshlutfalli,

Hinrik Sigurðsson móta- og afreksstjóri í 80% starfshlutfalli,

Jónína Sif Eypórsdóttir kynningarstjóri í 60% starfshlutfalli.

Þjálfarar LH eru ráðnir sem verktakar á föstum greiðslum.

Sigurbjörn Bárðarson er A-landsliðsþjálfari,

Hekla Katharína Kristinsdóttir er U21-landsliðsþjálfari

Sigvaldi Lárus Guðmundsson er yfirþjálfari hæfileikamótunar.


Einnig er Guðni Halldórsson formaður LH verktaki á föstum greiðslum í samræmi við samþykkt Landsþings.

Nefndir LH

Í nefndum á vegum LH starfa hátt í 70 manns í sjálfboðastarfi. Fastanefndir LH eru 10 talsins, það eru aganefnd, keppnisnefnd, laganefnd, landsliðsnefnd, mannvirkjanefnd, menntanefnd, reiðveganefnd, tölvunefnd, æskulýðsnefnd og dómaranefnd. Skýrslur nefnda má finna á vef LH undir gögnum formannafundar.

Aðrar nefndir og starfshópar eru: *öryggisnefnd, starfshópur um útbreiðslumál, starfshópur um reglur um gæðingalist, faghópur um gæðingalist, valnefnd og starfshópur um sáttamála um velferð íslenska hestsins*. Einnig á LH fulltrúa í *þverfaglegum starfshópi um hestahald og aðbúnað hrossa og starfshópi um hagstærðir hestamenskunnar*.

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands



Landssamband hestamannafélaga er fjórða stærsta sérsambandið með alls 13697 skráða þátttakendur árið 2023 og fjölgaði þeim um 10 prósent á milli ára og er það mesta fjölgunin innan 10 stærstu íþróttageinanna.

Hafa skal í huga að þessi tölfræði nær einungis yfir þá hestamenn sem skráðir eru í hestamannafélög, en líklegt er að nokkur fjöldi fólks stundi hestamennsku að staðaldri án þess að vera með virka félagsaðild.

Konur eru um 55% iðkenda og karlar um 45% en fá sérsambönd geta státað af eins jöfnu kynjahlutfalli. Hestamennskan hefur einnig einna jafnasta hlutfall milli þátttakenda undir 18 ára aldri og yfir en 68% þátttakenda er kominn á fullorðinsaldur og 32% er á undir 18 ára.

Íþróttaping ÍSÍ er haldið á tveggja ára fresti að vori til og formannafundur ÍSÍ er haldinn á hverju hausti.

Skrifstofa LH er í húsnæði ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg. Eins og önnur sérsambönd þiggur LH ýmiskonar styrki og framlög í gegnum ÍSÍ:

a. Lottótekjur

Íslensk getspá hefur skilað eigendum sínum, íþróttahreyfingunni, hækkandi tekjum undanfarin ár. Tekjur LH vegna lottósölu á þessu ári er um 1.500.000 kr. á mánuði að meðaltali.

b. Útbreiðslustyrkur

Á hverju ári er greiddur útbreiðslustyrkur sem er um 17% hluti af lottógreiðslum til ÍSÍ frá Íslenskri getspá sem skiptist milli sérsambanda og íþróttahéraða. Í upphafi árs var áætlaður útbreiðslustyrkur til LH 2023 um 4.000.000 kr., en sú tala er endurskoðuð í lok árs.

c. Ríkisstyrkur til reksturs skrifstofu

ÍSí úthlutar sérsamböndum ríkisstyrk til reksturs skrifstofu. Á árinu 2024 er ríkisstyrkur LH 3.200.000 kr.

d. Afrekssjóður

Afrekssjóður úthlutar styrkjum í samræmi við afreksverkefni sem liggja fyrir hjá hverju sérsambandi.

Við úthlutun styrkja hjá Afrekssjóði vegur þyngst þátttaka í stórum alþjóðlegum mótum, eins og Ólympíuleikum, HM og EM, ásamt umfangi afreksstarfsins hjá sérsamböndum. Afrekssjóður metur einnig sérsambönd eftir útbreiðslu íþróttarinnar og þannig fá íþróttir sem stundaðar eru í mörgum löndum og fjöldi þjóða tekur þátt á stórmótum meira vægi en aðrar. Þátttaka á stórmótum þar sem þátttakendur vinna sér inn þátttökurétt vegur þyngra en þátttaka í stórmótum þar sem öllum er frjáls þátttaka. Verið er að vinna að breyttu fyrirkomulagi afreksmála innan ráðuneytis og ÍSí. Meðal annars eru hugmyndir um að samfélagslegt mikilvægi íþróttá á Íslandi fái vægi innan ramma afrekssjóðs, sem kæmi hestaíþróttum afar vel.

Styrkur afrekssjóðs til LH fyrir árið 2024 er 9.330.000 kr.

Alþjóðasamstarf

FEIF-þing var haldið í byrjun febrúar í Luxemburg. Fulltrúar LH á þinginu voru Guðni Halldórsson formaður, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir varaformaður, Unnur Rún Sigurpálsdóttir stjórnarkona LH, Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri og Jónína Sif Eypórsdóttir kynningarstjóri. Auk þeirra sóttu þingið fulltrúar Íslands í nefndum, þau eru Elsa Albertsdóttir og Olil Amble í kynbótanefnd, Herdís Reynisdóttir í menntanefnd, Hulda Gústafsdóttir og Sigurbjörn Bárðarson í sportnefnd, Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir í æskulýðsnefnd, Atli Már Ingólfsson formaður „leisure riding-nefndar“ og stjórnarmaður í FEIF. Friðrik Már Friðriksson var einnig á þinginu á vegum RML og var hann kjörinn nýr inn í kynbótanefnd FEIF.

Eitt aðalræðuefni þingsins var hestavelferð og á þinginu var til sáttmáli um hestavelferð, „The Luxembourg Statement on Horse Welfare“.

The Luxembourg Statement on Horse Welfare, 2024

Summary of the 2024 Welfare Cafe held in Luxembourg.
This statement arises from the combined work of the conference.

1. **Commitment to High Standards:** FEIF aspires to uphold the highest values and standards governing all aspects of horse welfare. The FEIF Rules and Regulations are designed to support and promote these goals, ensuring the well-being of Icelandic horses in all activities.
2. **Breeding for Health and Longevity:** FEIF aims to breed strong and healthy horses, with a strong emphasis on welfare considerations. From birth to the end of life, the welfare of the horse remains a top priority, guiding breeding practices to ensure the long-term welfare of Icelandic horses.
3. **Education and Training Excellence:** FEIF supports the highest possible standards in trainer and judges' education. Change is introduced based on evidence backed by research, ensuring that education and training practices align with the latest advancements in horse welfare science.
4. **Holistic Approach to Training:** Horse training is approached with age-appropriate goals and longevity in mind. Recognizing that rider fitness is as important as horse fitness, FEIF emphasizes the importance of a balanced approach to training that considers the well-being of both horse and rider.
5. **Respect and Understanding:** Riders are encouraged to respect the horse in accordance with its social and physical needs. FEIF promotes the development of a deep understanding of the horse's inner and external state, fostering a relationship built on trust and mutual respect.
6. **Biomechanics and Equipment:** FEIF advocates for all riders to aim for a thorough understanding of the biomechanics of the horse and the function and effect of the equipment used. This knowledge enables riders to make informed decisions that prioritize the welfare and comfort of the horse.
7. **Excellence in Horse Care:** Horse keepers are urged to strive for the best standard in all aspects of horse care, encompassing nutrition, environment, health, behaviour, and mental condition. By addressing these domains comprehensively, FEIF ensures the overall well-being of Icelandic horses.
8. **Culture of Openness and Advocacy:** The Icelandic horse world endeavours to create a culture of openness, a willingness to listen, and a safe space in which points of concern can be raised. FEIF encourages stakeholders to dare to speak up and take action on all welfare matters, fostering a community dedicated to the welfare of Icelandic horses.

www.feiffengur.com/documents/LU%20Welfare%20statement.pdf

Næsta FEIF-þing verður haldið í Austurríki í byrjun febrúar 2025.

Samstarf Norðurlandanna

Formenn Íslandshestasambanda Norðurlandanna eru í samstarfi sem kallast NIHC (Nordic Icelandic Horse Collaboration). Formennirnir hittast reglulega á fjarfundum og staðfundum og hefur það samstarf og samtal verið með ágætum. Í október var góður fundur formanna Norðurlanda þar sem m.a. fjallað var um keppnismál og hestavelferð og þjóðirnar stilltu saman strengi í undirbúningi fyrir FEIF-þingið 2025.

Mikið og gott samstarf hefur myndast við sportleiðtoga nágrannalanda okkar sem hefur leitt af sér ýmis verkefni sem unnin eru sameiginlega á vettvangi samstarfs Norðurlandþjóðanna og mikilvægt að halda því samstarfi góðu, halda áfram að styrkja það og efla og gera rödd Norðurlandþjóðanna sterka innan alþjóðasamfélagsins. Á þessum vettvangi hafa verið unnar tillögur til fastanefnda Feif og þings samtakanna ásamt því að ýmsar hugmyndir og ráðgjöf fara á milli sem er virkilega verðmætt.

Afreksmál

Hæfileikamótun 14 – 17 ára

Fyrst er að nefna hæfileikamótun LH sem er hugsuð fyrir efnilega keppnisknapa á aldrinum 14-17 ára (unglingaflokkur). Yfirþjálfari hæfileikamótunar er Sigvaldi Lárus Guðmundsson.

Með tilkomu hæfileikamótunar LH komast iðkendur inn í afreksmiðað umhverfi, kynnast því að vera í landsliðsumhverfinu og fá tækifæri til þess að bæta tækni sína og færni við þjálfun og uppbyggingu hestsins.

Ásókn í starfið hefur farið hratt vaxandi og nú er kennt í tveimur hópum og komast færri að en vilja. Vetrastarf hæfileikamótunar hefst á ferð á Hóla þar sem hópurinn fær innsýn inn í námið þar, sýnikennslu og reiðkennslu hjá kennurum skólans. Hólalhelgin er ótrúlega verðmæt helgi fyrir þessa ungu knapa sem fá kennslu á skólahestum skólans bæði í æfingum og upp í skeiðkennslu. Eftir áramót eru tvær kennsluhelgar fyrir hvorn hóp með gistingu á Hótel Eldhestum.

Vegna mikillar aðsóknar á nýtt starfsár tók landsliðsnefnd þá ákvörðun að bjóða upp á eina kennsluhelgi fyrir þá unglunga sem ekki komust inn, svokallaðan b-hóp, þar sem yfirþjálfari hæfileikamótunar og knaparnir fá að kynnast hvert öðru og knaparnir fá innsýn í starf hæfileikamótunar.

Þátttakendur úr hæfileikamótun eru þegar farin að skila sér inn í afreksumhverfið og vakti það athygli á Landsmótinu í sumar hversu stór hluti knapa í úrslitum í unglungaflokki eru þátttakendur í hæfileikamótun. Einnig verður að hrósa uppeldisstarfinu í félögunum og sá metnaður sem augljóslega er settur í barna- og unglungastarf hestamannafélaganna er að skila sér í þessum miklu framförum sem hafa átt sér stað í yngri flokkum. Kynslóðabilið verður sífellt minna þar sem okkar yngstu keppendur eru þegar farnir að narta í hælana á eldri og reynslumeiri knöpum.

U21 landsliðshópur

U21 starfið undir stjórn Heklu Katharínu Kristinsdóttur hefur einnig skilað gífurlegum árangri og sést það til að mynda á árangri U21 landsliðsins á nýafstöðnu Norðurlandamóti. Þar vöktu ungmennin verðskuldaða athygli fyrir frábæran árangur, öll á lánshestum fyrir utan einn knapa. Okkar ungu knapar á mótinu voru í hvívetna dásömuð fyrir seiglu og reiðmennskuhæfileika en þau náðu víðast hvar að blanda sér í toppbaráttuna og voru alls staðar til fyrirmyndar bæði innan og utan vallar. Árangurinn talar sínu máli með 3 gull, 6 silfur og 3 brons í ungmennaflokki mótsins.

Menntadagur landsliðsins – Leiðin að gullinu

Menntadagur landsliðsins var haldinn í desember. Þar buðu A-landsliðsknappar upp á sýnikennslu allan daginn þar sem farið var yfir öll stig þjálfunar, allt frá byrjun þjálfunar upp í efsta stig reiðmennskunnar. Sýningin er orðinn fastur liður í starfi landsliðsins og er á dagskrá helgina 30. nóv til 1. des nk.

A-landsliðið verður með kennsludag sinn á laugardeginum 30. Nóv og á sunnudeginum þann 1. Des verður stórsýning U-21 hópsins og hæfileikamótunar LH sameiginlega. Sannkölluð landsliðshelgi sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.

Norðurlandamót

Norðurlandamót íslenska hestsins 2024 var haldið í Herning í Danmörku 8. til 11. ágúst. Undir var ljóst að ekki yrði hægt að flytja hesta frá Íslandi í júlí og ágúst, þar sem fragtflugvél Icelandair Cargo yrði í þjónustuskoðun og ekki í notkun á meðan, vélin er sú eina sem flytur hesta frá Íslandi. Þetta dró verulega úr möguleikum okkar á að senda hesta frá Íslandi á mótið þar sem ótímabært er að senda keppnishesta út með svo löngum fyrirvara. Að endingu var það aðeins einn hestur sem fór héðan í lok júní, gagngert til að keppa á Norðurlandamóti, allir aðrir knapar kepptu á lánshestum sem fengnir voru frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi, og höfðu knaparnir knappan tíma til að kynna hestum sínum og æfa sig fyrir mótið. Það liggur í hlutarins eðli að þeir hestar sem fengust að láni fyrir íslenska liðið voru „afgangshestar“ sem ekki náðu að vinna sér sæti í landsliðum hinna landanna.

Þetta varð til þess Ísland sendi einungis 4 knapa í flokki fullorðinna en betur gekk að hesta upp yngri flokkana og fóru 15 knapar í unglinga- og ungmennaflokk.

Árangur liðsins var eftirfarandi: Gullverðlaun voru 4 alls, 1 í fullorðinsflokki og 3 í ungmennaflokki, silfurverðlaun voru 4 alls, öll í ungmennaflokki, bronsverðlaun voru 3 alls, 2 í ungmennaflokki og 1 í unglingaflokki. Árangurinn verður að teljast ásættanlegur miðað við stöðuna sem upp kom varðandi hestana. Sérstaklega var eftir því tekið hvað reiðfærni íslensku ungmennanna er af miklum gæðum og náðu þau fjölmörgum verðlaunum.

Landsliðshópar LH 2024-2025

Framundan er stórt ár í afreksmálum LH. HM verður haldið Birmenstorf í Sviss 5-10 ágúst og fer Ísland með óvenju stórt lið á mótið þar sem ríkjandi heimsmeistarar eiga þess kost að verja titil sinn á mótinu, en þeir eru 7 talsins og bætast við fastan fjölda í liðinu.

Landsliðshópar LH fyrir næsta ár voru kynntir í lok október.

U21-landsliðshópin 2024-2025 skipa 14 knapar alls, 5 drengir og 9 stúlkur.

A-landsliðið 2024-2025 skipa 21 knapar alls, 6 konur og 15 karlar.

Landsliðsþjálfarar eru Sigurbjörn Bárðarson (A-lið) og Hekla Katharína Kristinsdóttir (U-21).

Menntaráðstefnan

Rafræn menntaráðstefna LH og HOI var haldin í janúar.

Þema ráðstefnunnar er hið svokallaða „Social Licence to operate“ eða „félagslegt leyfi til ástundunar“ - sem fjallar um hinn aukna þrýsting víðsvegar frá um hvort verjandi sé að brúka dýr og þar með hross eingöngu til ánægju okkar mannfólksins. Þessi umræða er orðin mjög áberandi víða um heim og við hestafólk (ekki síst erlendis en jafnvel á Íslandi einnig) finnum fyrir sívaxandi gagnrýni um hlutverk hrossa í okkar menningu. Þar sem okkar hestar eru þar að auki fremur smáir lendum við Íslandshestafólk jafnvel enn meira í þessari gagnrýni.

Boðið var upp á fjóra virta fyrirlesara og endað á panelumræðum.

- Michael Weishaupt prófessor við UZH – SLO / Félagslegt samþykki til ástundunar og hvernig rannsóknir geta haft áhrif í þeirri orðræðu.
- Marie Rhodin, associate prófessor við SLU – Rannsóknir á heilsufari hrossa og sérstaklega fjallað um nýjar aðferð við heltigreiningu.

- Guðrún Stefánsdóttir, dócent við Háskólann á Hólum – Áhrif þyngdar knapa á hesta og framtíðarstúdíur á því sviði.
- Sveinn Ragnarsson, prófessor við Háskólann á Hólum – Pælingar um áhrif hesta á manneskjur og öfugt, samskipti manna og hrossa og stúdíur þar að lútandi.

Ráðstefnan var einkar vel sótt en hátt í 400 manns sátu fyrirlestrana og ljóst að áhugi hestamanna á SLO eða félagslegu leyfi til ástundunar fer vaxandi. Fyrirlesarar ráðstefnunnar byggðu mál sitt á rannsóknum og ítarlegri greiningarvinnu, það var eftirtektarvert hversu vel þau komu efninu til skila og virkilega gaman að sjá spurningar þeirra sem fylgdust með fyrirlestrunum í rauntíma.

Horses of Iceland sáu um tæknihlutann og gerðu það virkilega vel. Það var svo menntanefnd LH sem átti veg og vanda að allri skipulagningu og viðburðarins og á nefndin mikið hrós skilið fyrir framtakið.

Youth Cup 2024

FEIF Youth Cup var haldið í Sviss í júlí. Sex þátttakendur fóru frá Íslandi ásamt fararstjóra og tveimur liðsstjórum. Æskulýðsnefnd LH heldur utan um umsóknir í Youth Cup og velur fulltrúa Íslands.

Ferðin var mikið ævintýri og ásamt því að undirbúa lánshestana sína fyrir keppni var ýmislegt á dagskrá. Farið var í heimsókn til Svissnesku hestasamtakanna NPZ og fylgst með heimsmeistaramóti í fimleikum á hestum ásamt því að kynna ýmsum hestategundum. Haldið var þjóðakvöld þar sem hvert land er með atriði og boðið er upp á góðgæti frá heimalandinu.

Félagi ársins

LH-félagi ársins eru hvatningarverðlaun fyrir sjálfboðaliða og féлага hestamannafélaga sem vinna fórnfúst og óeigingjarnt starf í þágu hestamennskunnar. Eftir tilnefningar frá Hestamannafélögunum var efnt var til netkosningar þar sem kosið var á milli fjögurra öflugra félagsmanna. Félagi ársins 2023 var Sæmundur Ólafsson í Hestamannafélaginu Fákí. Sæmundur er afar öflugur félagsmaður og mætir til aðstoðar á öll mót sem Fákur heldur.

Opið er fyrir tilnefningar til féлага ársins 2024 og eru Hestamannafélögin hvött til að senda inn nöfn sem þau telja að verðskuldi titilinn.

Reiðkennari ársins 2023

Þorsteinn Björnsson var valinn reiðkennari ársins 2023 eftir netkosningu á vef LH.

Menntanefnd auglýsti eftir tilnefningum frá almenningi um reiðkennara sem hefur gert frábæra hluti sem reiðkennari/þjálfari með nemendum sína, sýnt fram á miklar framfarir hjá nemendum, gert frábæra hluti með börnum, fötluðum eða keppnisknöpum.

Efnt var til netkosningar þar sem kosið var á milli þriggja tilnefninga og bar Þorsteinn Björnsson sigur úr býtum. Í umsögn um Þorstein segir: *Þorsteinn er reiðkennari við Háskólann á Hólum, kennari sem hefur haft mótandi áhrif á reiðkennara framtíðarinnar til fjölda ára og leynir mikið á sér. Nemendur þekkja ekki endilega margir til hans þegar þeir mæta en hann kemur sterkur inn og kemur því nemendum oftast en ekki á óvart. Hann lætur*

nemendum sínum líða vel og fær fólk til að velta sér ekki um of uppúr mistökum sínum. Þess utan er hann einnig farinn að kenna Reiðmanninn og er þannig að hafa áhrif á hinn almenna reiðmann á Íslandi í auknum mæli.

Reiðvegamáli

Hestamennska er ekki bara stunduð af keppnisknöpum. Langflestir félagsmenn í hestamannafélögunum eru það vegna ástríðu sinnar fyrir íslenska hestinum og almennum útreiðum, enda er hestamennska lífstíll og samofin menningu okkar.

Eitt það mikilvægasta fyrir okkur hestamenn er að standa vörð um reiðvegina okkar en þeir eru líkt og golfvellir golfarans. Þetta eru okkar íþróttamannvirki og ber að umgangast þá sem slíka. Það skiptir miklu máli að við hestamenn stöndum vörð um reiðgötturnar okkar en þar mætum við sífellt nýjum áskorunum og var því þátttaka formanns LH í samgönguþingi nú á haustdögum einkar mikilvægt innlegg í það samtal. Þar flutti formaður erindi og talaði máli okkar hestamanna meðal annarra hópa í umferðinni.

Samningur sem gerður var við Vegagerðina um lagningu reiðvega þar sem stofn- eða tengivegir eru lagðir bundu slitlagi er þegar farinn að sanna gildi sitt og er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur hestamenn að hafa til að standa vörð um reiðleiðir.

Skógarhólar

Aðsókn að Skógarhólum var ágæt í júní og júlí en minnkaði talsvert í ágúst.

Rekstur Skógarhóla er í eignarhaldsfélagi í eigu LH, Skógarhólar ehf., og er bókhald félagsins aðskilið frá bókhaldi LH, rétt eins og bókhald LM ehf.

Af framkvæmdum sumarsins ber helst að geta að skipt var um klæðningu á vesturgafli, sturtuaðstöðu komið í gagnið og salerni og herbergi máluð. Þannig er húsið smátt og smátt að komast í betra horf þannig að vel geti farið um alla gesti Skógarhóla.

Við hvetjum hestamannafélögin að koma á Skógarhóla með hópa úr félags- og æskulýðstarfi á staðinn og nýta okkar góðu aðstöðu LH-félaga á Skógarhólum.

Mótahald og keppnismál

Frá haustmánuðum 2022 hefur sérhæfður starfsmaður afreks- og mótamála starfað hjá sambandinu og sinnir þjónustuhlutverki hjá því gagnvart mótahaldinu almennt með sérfræðipækkingu á mótahaldi, regluverki og öðru sem kemur að mótahaldinu.

Úthlutun dómara á mót í gæðinga- og íþróttakeppni fer fram hjá mótasviði sambandsins og hefur nú verið þar í tvö keppnistímabil. Úthlutun á mót hefur á þessum tíma gengið býsna vel á þessum tveimur tímabilum sem í eðli sínu hafa verið töluvert ólík.

Árið 2023 voru íþróttamótin ráðandi í Mótaskrá ársins og svo 2024 voru það gæðingamótin sem voru talsvert fyrirferðarmikil enda Landsmótsár.

Úrtökumót fóru fram á stuttu tímabili, um það bil fjögurra vikna tímabili frá miðjum maí og fram í júní og það var töluverð áskorun að manna öll þau mót dómurum þar sem hópur gæðingadómara á Íslandi telur rétt um 55 dómara, svo það má segja að allir sem vettlingi geta valdið í gæðingadómarastétt hafi þurft að leggja hönd á plóg til þess að hlutirnir gengju upp.

Á árinu voru 55 gæðingadómarar virkir til dómstarfa en af þeim dæmdu 42 dómarar mót á Íslandi á árinu en 13 dæmdu ekki á Íslandi. Einhverjir dómarar kusu að dæma einungis erlendis.

Hjá íþróttadómurum eru 105 virkir dómarar á skrá og þar af dæmdu 51 dómari mót á árinu á Íslandi. Í hópi þeirra eru einnig einhverjir dómarar sem kjósa að dæma einungis erlendis.

Nú er komið upp gott kerfi fyrir dómara til þess að sækja um mót að dæma en ljóst að aðsóknin er mjög misjöfn á mótin, það er að segja að þau eru misvinsæl en vonir standa til þess að hægt sé með nýjum, góðum verkferlum að gera úthlutunarferlið þannig að fyrirvari verði betri bæði fyrir dómara og mótshaldara ásamt því að auka og bæta fyrirsjáanleika og gagnsæi í þeirri vinnu.

Mótaskrá ársins 2025 er þegar farin að taka á sig mynd og hestamannafélögin farin að senda inn drög sín að dagskrá mótanna sem framundan eru á nýju tímabili en stefnt er á að hafa Mótaskrá klára um mánaðarmótin nóvember/desember.

Fjöldi móta yfir tímabilið er gríðarlegur og oft vandi að raða þeim upp þannig að sem fæstir árekstrar verði og það er einmitt það sem haft er í huga við uppsetningu mótaskrár ársins, að fækka augljósum árekstrum og dreifa mótahaldinu sem best yfir það tímabil sem mótin eru í gangi til þess að geta á sem bestan hátt tryggt mönnun dómara og starfsfólks og fleira.

Haldinn var knapafundur í ársbyrjun fyrir upphaf keppnisársins og var hann vel sóttur bæði sem staðfundur og í streymi.

Farið var yfir ýmis atriði sem varða mótahaldið og fulltrúar keppnisnefndar ásamt fleiri sérfræðingum voru með innlegg á fundinum.

Það er margt sem uppá kemur yfir keppnistímabilið og mótasviði LH hefur borist mikið af fyrirspurnum um framkvæmd móta, ýmislegt varðandi reglur, búnað og svo framvegis. Megnið af þeim fyrirspurnum og umleitunum sem berast er oft auðsvarað með vísan í lög og reglur en sum mál þarfnast liðsinnis sterkra nefnda sem annast mótahaldið svo sem keppnisnefndar eða úrskurðar- og aganefndar sem eru báðar í miklu og góðu samstarfi við mótasviðið, sérstaklega á meðan á keppnistímabilið stendur sem hæst.

Frá mótasviði eru einlæg tilmæli og óskir til mótshaldara allra móta sem skráð eru á Sportfeng að vanda til við skráningar mótsins, greinanna sem og skilum á mótsskýrslum. Kanna hvort greinar séu rétt skráðar, lögleg/ólögleg grein, innanhúss eða úti og réttur fjöldi dómara sé skráður á hverja grein.

Til stendur að efla námskeiðahald um mótahald á vegum sambandsins á komandi tímabili, meðal annars með námskeiði í notkun Sportfengs fyrir nýtt keppnistímabil með mótshöldurum, námskeið fyrir hlaupagæslumenn í kappreiðum og fótaskoðunarfólk.

Landsmót hestamanna ehf.

Landsmót hestamanna ehf. er í eigu Landssambands hestamannafélaga (82%) og Félags hrossabænda (18%).

Stjórn LM ehf. er skipuð þremur mönnum: Hákon Hákonarsyni sem er formaður og Ólafi Gunnarssyni f.h. LH, Nanna Jónsdóttir f.h. FHB, varamenn eru Guðni Halldórsson og Eysteinn Leifsson.

Í samstarfi við mannvirkjanefnd, stjórn LH og stjórn Félag hrossabænda var unnið að gerð svokallaðs landsmótsstaðals þar sem tilgreint er hvaða kröfur eru gerðar til þeirra staða þar sem Landsmót eru haldin.

Í lok október var gengið frá undirskrift við mótshaldara Landsmóta 2028 og 2030.

Landsmót 2028 verður haldið á Rangárbökkum dagana 3. til 9. júlí og Landsmót 2030 verður haldið á Félagssvæði Fáks Reykjavík dagana 1. til 7. júlí 2030.

Síðustu tvö Landsmót sem haldin voru á þessum tveimur svæðum, voru bæði ákaflega vel heppnuð, vel skipulögð og aðsókn með besta móti. Á báðum stöðum er mikil og góð reynsla af því að halda Landsmót og getum við hestamenn því farið að hlakka til næstu Landsmóta.

Þess má geta að næsta Landsmót verður haldið af Hestamannafélaginu Skagfirðingi á Hólum sumarið 2026.

Landsmót 2024

Landsmót hestamanna 2024 var haldið í samvinnu Hestamannafélaganna Spretts og Fáks í Víðidal. Mótið var afar glæsilegt í alla staði og veðrið lék við landsmótsgesti. Samvinna félaganna gekk afar vel og þar sannaðist að þegar hestamann snúa bökum saman þá getur útkoman ekki orðið neitt annað en kraftaverki líkast. Félögin höfðu afar stuttan tíma til undirbúnings en félagssvæði Fáks í Víðidal er vel í stakk búið til að taka á móti stórum viðburðum enda er þar haldið árlega stærsta hestamannamót landsmanna, Reykjavíkurmótið.

Sjaldan hafa jafn margir mætti á Landsmót, en talið er að 10.000 manns hafi setið í brekkunni þegar mest var. Þá eru ótaldir þeir sem horfðu á útsendingar RÚV og Alendis bæði innan lands og utan.

Landsmót er einn stærsti íþrótt- og menningarviðburður sem haldinn er hér á landi! Landsmót eru fjöregg okkar hestafólks sem við þurfum að hlúa vel að um ókomna tíð.

Framkvæmd móta eins og t.d. Landsmóts væri ómöguleg nema vegna þess ótrúlega mannauðs sem býr í sjálfbóðaliðum hestamannafélaganna.

Íslandsmót og Áhugamannamót Íslands

Íslandsmót barna og unglina var haldið af Hestamannafélaginu Herði dagana 19. til 21. júlí.

Hestmannafélagið Fákur hélt glæsilegt Íslandsmót fullorðinna og ungmenna helgina 25. júní til 28. júlí.

Áhugamannamót Íslands var haldið af Hestamannafélaginu Dreyra, samhliða íþróttamóti Dreyra dagana 9. til 11. ágúst.

Öll þrjú mótin voru auglýst til umsóknar í september á síðasta ári eins og vera ber, en einungis ein umsókn barst um að halda Íslandsmót barna og unglina og engar umsóknir bárust um Íslandsmót fullorðinna og ungmenna og Áhugamannamótið.

Stjórn gekk því til samninga annars vegar við Hestamannafélagið Fák um að taka að sér að halda Íslandsmót fullorðinna og ungmenna, enda mótssvæðið vel í stakk búið til að halda slíkt mót að nýloknu Landmóti, og hins vegar við Hestamannafélagið Dreyra um að halda Áhugamannamót Íslands, sem bæði félög urðu við og héldu mótin með glæsibrag og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Frestur til að sækja um að halda Íslandsmótið og Áhugamannamót Íslands 2025 var til 30. september. Ein umsókn barst um að halda Íslandsmót fullorðinna og ungmenna 2025, frá Hestamannafélaginu Sleipni, og verður mótið haldið dagana 26. til 29. júní 2025 á Selfossi.

Engin umsókn barst um að halda Íslandsmót barna og unglunga 2025 eða Áhugamannamót Íslands og þarf stjórn því að ganga í það að finna góðan mótshaldara fyrir þau mót.

Sportfengur og Sportabler

Sportfengur

Alls voru haldin 191 mót á Íslandi þar sem Sportfengur var notaður, með 14.089 skráningum alls. Að baki þessum skráningum er um 10-12% félagsmanna innan raða LH.

Í upphafi keppnistímabilsins var mótaappið LH Kappi aflagt og nú birtast allar mótaniðurstöður í HorseDay appinu. Samstarf LH og HorseDay hefur verið farsælt, appið er í sífelldri þróun. Samið var við HorseDay um að forrita upplýsingar til birtingar á risaskjám við aðalkeppnisvöllinn á Landsmóti.

Nánar um Sportfeng má lesa í skýrslu tölvunefndar.

Sportabler – félagatal

Félagakerfið Felix hefur nú runnið sitt skeið. Á haustmánuðum 2022 gekk LH frá samning við fyrirtækið Sportabler um að halda utan um félagatal hestamannafélaga þannig að hvert og eitt félag fær aðgang að Sportabler fyrir sitt félagatal ásamt aðgengi að skráningarkerfi til að halda utan um námskeiðhald félagsins og netverslun forritsins. Allflest hestamannafélögin hafa tekið Sportabler í gagnið.

Sú ákvörðun var tekin í upphafi árs og kynnt fyrir hestamannafélögum, að kostnaður við notkun forritsins verður færður yfir á hestamannafélögin, og innheimtur í lok árs, í hlutfalli við fjölda félagsmanna.

Útbreiðslu- og kynningarmál

Í sífellt hraðara umhverfi þar sem flæði upplýsinga er mikið þarf að halda vel utan um útbreiðslu- og kynningarmál. Með það að markmiði að bæta verulega í kynningarmál hjá LH var ráðinn sérstakur starfsmaður í 60% starfshlutfall til að sinna útbreiðslu- og kynningarmálum sambandsins. Síðasta árið hefur fréttum á heimasíðunni fjölgað um 40% á tímabilinu auk þess sem sýnileiki á samfélagsmiðlum hefur aukist um 200% og hlutfall þeirra sem opna síðu sambandsins á Facebook aukist um 500%.

Lögð hefur verið áhersla á að halda góðum tengingum við hina almennu fjölmiðla með það að markmiði að koma fréttum af hestaíþróttum til almennings. Hefur það tekist ágætlega og hefur til dæmis RUV sýnt hestaíþróttum aukinn áhuga og verið með allnokkrar útsendingar frá stórmótum.

Miðbæjarreið

Í lok júní skipulagði LH miðbæjarreið í samstarfi við HOI og Landsmót 2024 til að vekja athygli á Landsmóti hestamanna í Reykjavík. Í fararbroddi voru Ásmundur Daði Einarsson ráðherra íþróttamála, formaður LH Guðni Halldórsson og formenn hestamannafélaganna

Sprettis og Fáks sem héldu Landsmótið í sameiningu, þau Jónína Björk Vilhjálmsdóttir og Hjörtur Bergstað.

Rúmlega 60 hestar tóku þátt í reiðinni og fjöldinn allur af fólki var mætt á Skólavörðuholtið til að taka á móti hópnum og ná af þeim myndum í blíðskaparveðri. Hestarnir sýndu það og sönnuðu enn einu sinni að þeir láta það ekki á sig fá að fara um þröngar götur bæjarins og taka þátt í því fjölbreytta mannlífi sem þar er.

Reiðin heppnaðist í alla staði vel og það var ljúft að heyra hófadyrninn í höfuðborginni og baða sig í sólinni á sama tíma.

LH þakkar öllum þeim frábæru knöpum sem tóku þátt í reiðinni og öllum þeim sem komu og fylgdust með, megum við sem oftast sjá fallega fáka fara um götur Reykjarvíkur!

Félagshesthús

Hugmyndin á bakvið félagshesthús er að auðvelda aðgengi að hestamennsku fyrir þá sem hafa ekki tök, vilja eða getu til að reka sjálfir hesta og/eða hesthús. Félagshesthús er staður þar sem þátttakendur stunda hestamennsku undir leiðsögn starfsmanns. Með þessum hætti þarf þátttakandinn ekki að eiga hest, hesthús, hnakk né annan búnað nema mögulega eigin öryggisbúnað. Þetta fyrirkomulag hentar ákaflega vel þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku og hafa lítið hestatengt bakland, hvort sem umræðir barn eða fullorðinn einstakling.

Útbreiðslunefnd LH hefur unnið að handbók um rekstur Félagshesthúsa, til að auðvelda þeim félögum að stofna félagshesthús.

Handbókina má finna á vef LH <https://www.lhhestar.is/is/aeskan/felagshesthus-hestamannafelaga-1>

Styrkir sem standa hestamannafélögum til boða

Útbreiðslunefnd tók saman upplýsingar um hvaða styrkir standa til boða hverju hestamannafélagi fyrir sig. Þegar rýnt er í úthlutun styrkja þá kemur í ljós að hestamannafélögum hefur tekist afar illa að sækja styrki í samanburði við önnur íþróttafélög. Allir formenn hestamannafélaga fengu sendar upplýsingar um mögulega styrki í þeirra héraði, hver umsóknarfresturinn er og hvað þurfi að hafa í huga þegar sótt er um styrki. Þetta er gott verkfæri fyrir félögin til að nýta fyrir einstök verkefni og framkvæmdir. Eins var kynnt fyrir landsliðinu hvaða sjóðir stæðu til boða fyrir landsliðsmenn og sóttir þeir styrki sem Landsambandi hestamanna var fært að sækja fyrir hönd knapa. Hugmynd nefndarinnar er að skjalið verði lifandi skjal sem verður uppfært árlega.

Sjá nánar um styrki á vefið LH: [Styrkir upplýsingar | Landssamband hestamannafélaga](#)

Öryggismál

Lögð hefur verið mikil áhersla á öryggismál í tíð núverandi stjórnar enda eru öryggismál mjög mikilvæg. Eitt af því sem hefur vakið mikla athygli eru myndbönd öryggisnefndar en á árinu voru gefin út tvö slík. Annað um mikilvægi þess að yfirfara reiðtygi en hitt um mikilvægi þess að nýta þann öryggisbúnað sem í boði er, sérstaklega hjálma. Auk þess hefur Öryggisnefndin verið ötul í því að benda á þegar knapar án hjálma eru nýttir í auglýsingar eða sjónvarpsefni.

Þá hefur öryggisnefndin einnig gefið út viðbragðsáætlun vegna höfuðhögga sem framkvæmdaaðilum móta hefur verið kynnt og liggur fyrir landsþingi til samþykktar.

Viðbragðsáætlunin gæti átt eftir að koma í veg fyrir alvarlegan skaða sem hlotist getur af röngum viðbrögðum við slysum.

Agamál

Nokkur mál komu inn á borð Aganefndar LH á árinu og felldi úrskurði um keppnisbann og gaf áminningar.

Mikil umræða hefur verið um notkun spjalda í keppni og þykir full þörf á að einfalda og skerpa regluverk um spjaldanotkun. Fulltrúar Íslands í sportnefnd FEIF hafa unnið að tillögu um nýjar reglur um spjaldanotkun og verður tillagan tekin fyrir á FEIF þingi í lok janúar.

Uppskeruhátíð hestamanna

Uppskeruhátíð hestamanna árið 2023 var haldin í Gamla-bíó þann 18. nóvember á síðasta ári. Stofnaður var vel mannaður undirbúningshópur sem skipulagði hátíðina í þaula og komust færri að en vildu.

Má þar með segja að Uppskeruhátíðin hafi verið vakin til lífsins á ný.

Sami hópur stóð að undirbúningi fyrir Uppskeruhátíðina 2024, en núna með aðkomu Félags hrossabænda eins og var hér áður fyrr. Hátíðin var haldin í Gullhömrum við góða aðsókn hestafólks og var aftur uppselt á hátíðina.

Á hátíðinni voru veitt knapaverðlaun og verðlaun fyrir keppnishestabú ársins og FHB verðlaunaði ræktunarbú ársins.

Heiðursverðlaun LH voru veitt á hátíðinni. Árið 2023 hlaut Sigrún Sigurðardóttir heiðursverðlaun og árið 2024 hlaut Benedikt Línadal heiðursverðlaun, fyrir störf sín í þágu hestamennskunnar.

Lokaorð frá formanni LH

Ég er stoltur af sambandinu okkar og tel að við eigum öll að vera það. Við getum borið höfuðið hátt. Það hefur margt áunnist þó að enn sé af nægu að taka og verkefnin fram undan mörg, krefjandi og spennandi.

Ég vil þakka frábærri og samheldinni stjórn fyrir sitt framlag í þágu okkar hestafólks. Öllu nefndafólki, en í nefndum sambandsins starfar mikill fjöldi fólks og leggur þar fram óeigingjarnt starf í þágu okkar allra.

Starfsfólk LH eru klettarnir sem halda starfinu gangandi og tel ég á engan hallað þó að ég leyfi mér að fullyrða að sjaldan eða aldrei hafi skrifstofa LH verið mönnum jafn frábæru, duglegu og kláru starfsfólki. Þá erum við einstaklega heppin með það fólk sem valist hefur til starfa fyrir landsliðin okkar, eins og árangur þeirra ber vitni um.

Stórt samband eins og LH getur ekki vaxið og dafnað nema þeir sem innan þess starfa séu boðnir og búnir til að leggja sitt af mörkum og tilbúnir til að nálgast verkefnin með jákvæðum og uppbyggjandi hætti. Við hestafólk erum heppin með að það hefur okkur tekist á undanförunum árum.

Í krafti samtakamáttarins eigum við eftir að byggja ofan á það góða starf sem verið hefur unnið og ná enn betri árangri á næstu árum.